

**80** um tildrög lánsins er einnig í öllum verulegum atriðum staðfest af þáverandi hreppsnefndaroddvita fyrir rjetti hinn 3. febrúar þ. á. Um nefnt 15 kr. lán er það upplýst, sömuleiðis með framburði þáverandi oddvita, að það hefir verið veitt á fardagaárinu 1899—1900 og því löngu áður en þurfalingurinn hafði dvalið 10 ár í Beruneshreppi, svo er það og upplýst, að ekkert af lánum þessum eða styrkveitingum hefir verið endurborgað.

Samkvæmt þessum upplýsingum þykir það vafalaust, að þurfalinginn beri að úrskurða sveitfastan í Breiðdalshreppi, því að auk nefnds 15 kr. láns, sem eigi getur skodast öðruvísi en sem sveitarstyrkur, virðist það eigi heldur geta talist vafasamt, að tjeða ábyrgð ber að skoda sem beinan sveitarstyrk, þarsem það sjest af málinu, að það var einungis vegna ábyrgðarinnar að þurfalingurinn gat haldið sjer uppi án frekari styrks þangað til hann leitaði til hreppsnefndar Beruneshrepps 1903. Hins vegar getur eigi orðið tekið tillit til framburðar hreppsnefndar Breiðdalshrepps um að lán þessi hafi verið privatlán hreppsnefndarmanna, því að auk þess sem slíkt er í sjálfu sjer ólíklegt, er það nægilega sann- að, að hreppssjóður hefir lagt fram peningana, að minsta kosti að því er tvö lán- in snertir, og ekkert er upplýst um, að þáverandi hreppsnefndarmenn hafi endurgoldið hreppssjóði upphæðirnar, en það hefði núverandi hreppsnefnd átt að vera innan handar að sanna, ef það hefði verið.

Af sveitfesti þurfalingsins í Breiðdalshreppi leiðir, að hreppssjóði þess hrepps ber að endurgjalda Beruneshreppi hinar veittu styrksupphæðir, er samkvæmt framlögðum reikningi nema 46 kr. 06 au.

Því úrskurðast:

Umræddur þurfalingur Stefán Ólafsson skal vera sveitfastur í Breiðdalshreppi og ber framfærsluveitinni tafarlaust að greiða Beruneshreppi 46 kr. 06 au. fyrir styrk veittan þurfalingnum.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndum Breiðdalshrepps og Beruneshrepps.

## Reglugjörð

**81**  
3. ágúst

fyrir Suður-Múlasýslu um hreinsun hunda af bandormum.

1. gr.

Lækna skal alla hunda í Suður-Múlasýslu, 4 mánaða gamla og eldri, og skal lækningin fara fram tvisvar á ári, í maímánudi og nóvembermánudi.

2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi er falið að annast lækning hundanna. Skal hún skifta hreppnum í 2—4 deildir eftir ástæðum, og setja áreiðanlegan

mann í hverja deild til að framkvæma lækninguna. Má enginn skorast undan þeim starfa 1 ár í senn, nema forföll valdi.

81  
3. ágúst

3. gr.

Hreppsnefndir skulu í hverri deild láta byggja hæfilega stóran kofa til hundahreinsunar. Skulu veggir hlaðnir úr grjóti eða steypfir, og gengið svo frá gólfi, að hundar geti ekki rífið það upp. Í veggina skal festa bönd, sem hundarnir skulu vera bundnir með, meðan á lækningu stendur. Skal vera hæfilegt millibil milli þeirra, svo hundarnir nái ekki saman. Eitt baðker skal fylgja hverjum kofa til afnota við böðun hundanna.

Kostnaður sá, sem leiðir af byggingu kofanna og útbúnaði, svo og baðefni, greiðist af viðkomandi hreppssjóði.

4. gr.

Maður sá, sem hreppsnefnd skipar til að framkvæma hreinsun hundanna, skal ákveða hvaða daga á hinu ákveðna tímabili eigendur hundanna skuli mæta með þá til hreinsunar. Skulu eigendur skyldir að hlýða fyrirskipunum hans, enda skulu þær birtar með nægilegum fyrirvara. Sem þóknun fyrir starf sitt greiðast lækningamönnum 35 aurar fyrir hvern hund, sem þeir gefa inn; greiðist sú þóknun fyrir hvora hreinsun.

Þóknun þessi greiðist úr sýslusjóði.

5. gr.

Hverjum hundi skal gefa inn 5 gr. af arekadufti eða öðru lyfi, sem dýralæknir fyrirskipar.

Sýslunefnd sjer um útvegum á hreinsunarlyfi, svo og brennisteini eða öðru jafngóðu sóttgreinsunarlyfi, og greiðist borgun fyrir það úr sýslusjóði.

6. gr.

Í 12 klukkutíma áður en hundinum er gefið inn, má hann ekkert fá að eta eða drekka. Þann tíma skal hann standa inni í hreinsunarkofa, undir umsjón lækningamanns. Skal gefa hverjum hundi sjer. Ef hundurinn fær klýju, verður að koma í veg fyrir, að hann selji upp, með því að vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum. Endurtaka skal inngjöfina, ef meðalið verkar ekki. Hver hundur sje látinn standa inni eitt dægur eftir að honum hefir verið gefið inn. Síðan skal baða þá úr lyfi, sem læknir ákveður. Hreinsunarkofinn skal verkaður vandlega á eftir, og annaðhvort grafa það djúpt í jörðu eða brenna, sem frá hundunum hefir gengið. Loks skal bræla kofann með brennisteinsgufu.

7. gr.

Komi eigendur hunda ekki með þá á ákveðnum tíma til lækninga, varðar það 5—10 kr. sekt. Verði vart við bandorm í hundi milli lækningatíma, skal

**81** eigandi hans, svo fljótt sem hægt er, færa hann þeim, sem hann skal lækna.  
 3. ágúst Annars skal álíta, að eigandi hafi brotið ákvæði 1. og 4. gr. reglugjörðar þessarar, og varðar það sömu sekt. Hund, sem enginn hirðir um að lækna, skal hreppsnefnd láta drepa.

## 8. gr.

Hreppsnefnd og lækningamenn skulu áminna hreppsþúa að taka alla sulli, er finnast í slátruðu sauðfje, og brenna eða grafa djúpt í jörðu. Eins skal fara með hausa af höfuðsóttarkindum.

## 9. gr.

Brot móti 2. og 3. gr. reglugjörðar þessarar varða sektum frá 25—50 kr., er renni í sveitarsjóð. Brot móti 4. og 6. gr., að því er snertir störf lækningamanns, varða sektum frá 10—25 kr. Þær sektir renna í sýslusjóð, svo og sektir fyrir brot þau, er ræðir um í 7. gr.

## 10. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok desembermánaðar ár hvert, senda hreppstjóra skýrslu um hundalækningarnar í hreppnum síðastliðið ár, er hann svo færir inn í hundahaldsbókina, og lætur sýslunefndinni í tje skýrslu samhljóða bókinni fyrir lok janúarmánaðar næst á eftir.

## 11. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

## 12. gr.

Reglugjörð þessi er samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu 24.—27. maí 1909.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, Eskifirði, 3. ágúst 1909.

*A. V. Tulinius.*

**82**  
 11. ágúst

## Auglýsing

um breyting á 38. gr. heilbrigðissamþyktar fyrir Reykjavík 30. janúar 1905.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest sú breyting á 38. gr. heilbrigðissamþyktar fyrir Reykjavík 30. janúar 1905, að greinin orðist þannig: